

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrarhrepps nr. 226, 26. maí 1977,
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 1 025.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 8 222.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Suðureyrarhrepps hefur rétt til að loka aðrennsli að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 2 600.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps staðfestist hér með samkvæmt Orkuþingum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1979 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 31. júlí 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gísli Einarsson.

31. júlí 1979.

Nr. 303.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I. Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli, kr. 155.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil, kr. 42 730.00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils. Minnsta magn vatns sé 1 l/mín fyrir hverja 100 m³ húsnæðis. Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

1. Fyrir mæla allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 1 650.00 á mán.
2. Fyrir mæla frá 1—2" — 2 290.00 á mán.
3. Fyrir hemla — 1 650.00 á mán.